

Kvenfrelsunarhrollurinn í Stóra-Bretlandi. Ofríki og foreldrisfiring

Fyrir nokkrum árum síðan var samþykktur í Stóra-Bretlandi (SB) – eftir kröfu frá heimilisofbeldisiðnaðinum – lagabókstafur þess efnis, að ofríki (coercive control) í nánnum samböndum skyldi refsivert. Það sama á sér stað í Ástralíu. Skilgreiningar hugtaksins eru færðar út að kunnuglegum hætti kvenfrelsara. Kvenfrelsararnir, sem reka heimilisofbeldisiðnaðinn, færa sig enn upp á skaptið. Fyrir þinginu liggur nýtt frumvarp um heimilisofbeldi (Domestic Abuse Act 2021). Þar eru börn komin í aðalhlutverk og víkja fyrir konum í fórnarlambshlutverkinu – en þó ekki alveg. En eins og flestum mun kunnugt eru konur og börn einatt spyrnt saman í frelsisstríði kvenna gegn körlum.

Svo illa vill til, að flutningsmenn frumvarpsins virðast líta á foreldrisfiringu (parental alienation) sem ofríki. Þetta virkaði eins og bjúgverpill í viðleitni kvenfrelsara til að sveigja löggjöfina að hugmyndafræði sinni um kúgun og ofríki karla eða feðra. (Menn fá höfuðverk við högg bjúgverpils.) Þetta tiltæki frumvarpshöfunda olli miklu fjaðrafoki, því kvenfrelsurum er vel kunnugt um, að slíkt athæfi foreldris, þ.e. að beita börn allra handa ofbeldi til að skaða samband þeirra við hitt foreldrið, er sérgrein mæðra.

Það stóð ekki á sigildum viðbrögðum; undirskrifalistum, fórnarlambsyfirlýsingum, mótmælagöngum, þrýstingi á þingmenn, „vísindarannsóknnum“ og áróðurshernaði í fjölmiðlum. Margir eiga spón í þeim aski sem kvenfrelsunaráróður og ofbeldisiðnaðurinn er. Ein þeirra er Charlotte Proudman, mannréttindalögfræðingur, sem hefur lifibrauð sitt af að vernda konur og stúlkur. Hún skrifaði í The Guardian í júlí síðastliðnum, grein með titlinum: „Óorði komið á lagaklæki, sem stofna börnum í Sameinaða konungsdæminu í hættu“ (The discredited legal tactic putting abused UK children in danger).

Charlotte beinir spjótum sínum að hugtakinu um foreldrisfiringu eins og alsíða er í umfjöllun kvenfrelsara um málið. Hún segir m.a. „Hinn varhugaverði merkimiði, foreldrisfiring, ógnar öðru fremur trúverðugleika fórnarlamba heimilisofbeldis og raust barnanna. Hann ljáir rándýrunum gildi, völd og stjórn. Sérhver réttur, sem leggur blessun sína yfir óstuddar fullyrðingar um foreldrisfiringu, gæti allt eins verið að samþykkja misnotkun.“

Charlotte er eins og þeim fræðingum, sem telja ásakanir um foreldrisfiringu nær eingöngu fram settar af feðrum, sem misnota börn sín, mjög í mun að gera lítið úr verkum Richard Gardner (1931-2003) og jafnvel ófrægja hann, sbr.: „Doktor Richard Gardner, norður-amerískur barnageðlæknir, mótaði hugtakið [foreldrisfiringu] og gaf út á eigin forlagi fjölda bóka um foreldrafiringareinkennið á níunda áratugi síðustu aldar. Hann bar vitni í rúmlega fjögur hundruð deilumálum um forsjá, þar sem hann dró í efa ákærur um heimilisofbeldi eða misnotkun barna, og mælti með því, að heimilisfesti barns yrði færð frá einu foreldri til annars. Hann trúði því, að níutíu af hundraði mæðra, sem ásökuðu föður um kynofbeldi, væru lygarar, sem heilapvægju börn sín. [Aukin heldur hélt Richard því fram] að barnanið „sé algengt og viðurkennt í raun meðal milljarða manna.“ (Efnislega er þetta rakinn þvættingur, sem ég hirði ekki um að elta ólar við.)

Meira af svo góðu: Megan Mitchell er ástralskur sálfræðingur, af svipuðu sauðahúsi og Charlotte. Við vitnaleiðslur Umboðsmanns barna í Ástralíu (Australian National Children's Commissioner) um

skilyrði umgengni (conditions of access) lætur hún m.a. hafa eftir sér: „Að mínum dómi er um að ræða ansi klikkaða kenningu. Ég held, að henni hafi verið hafnað. Það eru engar vísbendingar um, að hún eigi við rök að styðjast. ... Náunginn, sem sauð hana saman [trúði því] að ástundun blóðskammar [kynlífs með afkvæmi sínu] mætti lækna með því að gefa móðurinni titrara.“

Það gleymist oft og tíðum í umræðunni, að fyrirbærið sé ekki nýtt undir sólinni. Lögfræðingar hafa bollalagt um það við dómsuppkvaðningar frá því í byrjun nítjándu aldar og vangaveltur um foreldrisfiringu sjást í fræðilegi umræðu samfélags- og heilbrigðisvísinda aftur til seinna heimsstríðs. En hins vegar er sjálf nafngiftin á ábyrgð Richards. Fyrirbærið, þ.e. eitrun barnshugans gagnvart öðru foreldra sinna, hefur gengið undir ýmsum nöfnum, misbeinskeyttum, í umræðu síðustu, mörgu áratuga svo sem: barn sem fórnarlamb tengslaálags foreldra (child affected by parental relationship stress), trúnaðarbrestur (loyalty conflict), þríhyrningsfiring (triangulation), afbrigðileg þríhyrningsfiring (perverse triangle), klofningur (splitting), foreldrisógnarheilkenni (threatened parent syndrome), sjálfsástarmein (narcissistic injury), heilaþvottur (brainwashing) og meinfýsiforeldrisheilkenni (malicious parent syndrome).

Skoðanir Richards eru eitur í blóði kvenfrelsara, sem hanga eins og hundar á roði á þeirri trú, að mæður séu upp til hópa dygðadjásn, sem ekkert illt geti búið í, allra síst gegn börnum sínum. Þeir tala í þessu sambandi um móðurréttinn og móðureðlið. Því er það skiljanlegt, að þeir vilji hugtakið feigt, sérstaklega í réttarsölum. Það fór sum sé skelfingarhrollur um þá, þegar hugtakið ógnvænlega birtist í frumvarpi til laga um ofríkishegðun í garð barns. Charlotte gefur rannsóknnum og fræðimennsku, þar sem umfjöllun er henni á móti skapi, einkunnina „vísindasorp“ (junk science). Þetta minnir óneitanlega á umfjöllun Sigrúnar Sifjar Jóelsdóttur, sálfræðings, hér heima, og sálufélaga hennar í félagsskapnum, „Lífi án ofbeldis.“

Charlotte vísar til vísindagreinar, máli sínu til stuðnings. Um er að ræða tölfræðilegt yfirlit lögfræðingsins, Julie Doughty og félaga frá 2018. Rannsóknin var unnin á vegum CAF/CASS CYMRU, sem er stofnun á vegum velsku stjórnarinnar. Stofnunin sinnir málefnum barna og fjölskyldna í réttarkerfinu með hagsmuni barna í brennidepli.

Það er sum sé um að ræða rannsóknayfirlit: „Yfirlit rannsókna og framkvæmd dóma í sambandi við foreldrisfiringu“ (Review of research and case law on parental alienation.“ Rakín er (hin furðulega) þræta um það, hvort um sé að ræða „heilkenni“ (syndrome) eða ekki. „Parental alienation“ er víða notað í Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA), en í SB er fyrirbærið fremur kallað svarinn fjandskapur (implacable hostility).

Í yfirliti sínu styðjast höfundar við kunna skilgreiningu á foreldrisfiringu: Þegar um er að ræða „ástæðulausa höfnun barns á foreldri, meðan það binst hinu í sameiginlegri, stækri andúð í garð þess firrta. Slíkt á sér stað, þegar gjörðir firingarforeldrisins (að yfirlögðu ráði eða án ásetnings) hleypa í uppnám tengslum við hitt foreldrið.“

Við rannsóknina var víða leitað fanga; í gagnabönum, sem tóku til vísindalegra greina (frá árinu 2000), í fræðigreinum og stefnumarkandi álitsgerðum, skrifum á „gráu svæði;“ ábendingum um heimildir; ásamt handvirkri leit í vísindatímaritum og leit á veraldaravefnum. Þetta eru skringileg vinnubrögð, þar sem mörgu er agað saman. Það eru þegar til öflugir gagnagrunnar vísindalegra

rannsóknna á efninu bæði fyrir og eftir árið 2000. Þau tímamörk gætu átt skýringu í því, að kvenfrelsarar hafa tvo síðustu áratuginna beint spjótum sínum af offorsi að umræddu hugtaki.

Höfundar benda á, að ekki sé um að ræða tæmandi skoðun á birtu efni, heldur viðleitni til að auðkenna og meta vísindalega vitneskju. Eins og venjan er, benda höfundar á, að verulega skorti á gildar vísindarannsóknir, að tiltölulega fáir höfundar láti ljósið skína á þessum vettvangi.

Í niðurstöðu höfunda er bent á, að deilt sé um hugtakið, enda þótt ofangreind skilgreining virðist almennt viðurkennd og að mörgu sé að huga í því sambandi, því ástæður firringar séu margvíslegar. Og enn er bent á nauðsyn betri rannsókna. Höfundar segja: „Aftur á móti er hugtakið, foreldrisfirring, eins því var beitt af Gardner, að miklu leyti gjaldfelld eða slípað til, þegar til þess er vísað í fræðilegri umræðu í BNA.“ Höfundar telja sjaldgæf þau tilvik, þar sem foreldri mengar huga barns síns gagnvart hinu foreldrinu. Það telja þeir tilfinningalega misnotkun. Þeir segja enn fremur: „Yfirlit þetta leiðir í ljós, að vegna skorts á traustum gögnum, sé vitnisburður um foreldrisfirringu takmarkaður.“

Að þessu sögðu og á grundvelli annarra forsendna við rannsóknina, kemur óneitanlega á óvart, að höfundar skuli fullyrða, að foreldrisfirring sé sjaldgæf. Rannsókn þeirra gefur ekki tilefni til slíkra staðhæfinga. Skiljanlegri væri sú viðleitni, að leitast við að slá hlutfallsmáli á þau tilvik – á grundvelli skoðaðra rannsókna - þar sem foreldri eiginlega eittrar huga barns gagnvart hinu við skilnað, t.d. sem hlutfall allra skilnaðarmála eða hlutfall eiginlegrar foreldrafirringar í hlutfalli við ásakanir um slíkt.

En hin stóru orð greinarhöfundar í Guardian á þá leið, að hugtakið foreldrisfirring sé úr lausu lofti gripið, er ekki staðfest í umræddri vísindagrein. Þar eru í aðalatriðum rakin þau augljósu sannindi, að grandvarlega skuli meta í hverju tilviki, hvort foreldrisfirring eigi sér stað. Þar eru einnig bent á, að fagmenn greini á, og að frekari rannsókna sé þörf, en það er staðlað stef við nær allar vísindarannsóknir.

Charlotte lætur hjá líða að nefna aðrar heimildir og staðreyndir, t.d. þá, að vísindaleg umfjöllun um foreldrisfirringu vex stöðugt. Í Foreldrisfirringaragnagrunninum (Parental Alienation Database) eru nú vel á annað þúsund tilvísanna. Það kemur að vísu ekki á óvart, því staðreyndir eiga það til að þvælast fyrir hugmyndafræði kvenfrelsaranna. Annan gagngrunn er að finna á heimasíðu samtakanna, Eeny-Meny-Winey-Mo, sem berjast gegn foreldrisfirringu. Eftirfarandi orð norður-ameríska sálfræðingsins, Richard A. Warshak, eru einkunarorð félagsskaparins: „Í viðleitni okkar til að vernda börn gegn líkamlegri og kynferðislegri misnotkun, getum við ekki lokað augunum fyrir hinni duldu þjáningu barna, sem beitt eru þrýstingi til að taka afstöðu í þrætu foreldra sinna.“

Um staðhæfingu Charlotte þess efnis, að í BNA hafi hæstiréttur dæmt heilkennið ógilt, þar eð það eigi rætur í „mjúkvísindum“ (soft science), segir starfsbróðir hennar frá BNA, Robert Franklin: „Staðhæfingin er ekki einungis villuljós heldur fáránlegt sem slík. Könnun á dómsmálum og áfrýjunarmálum í BNA á árunum 1985 til 2018 leiðir í ljós rúm elleftu hundruð mál, þar sem sannindamerki um foreldrisfirringu voru lögð fram. Þar að auki voru þau talin hafa „efnislegt sönnunargildi, hafa við rök að styðjast, [vera] lögmæt og umræðugild,“ samkvæmt álitum

dómstólsins. ... Hver dómstóll á fætur öðrum hefur með skírskotun til staðla [um gildi vísindalegs vitnisburðar] eins og Frye eða Daubert, leyft [umfjöllun] um sönnunarkerki foreldrisfyrirringar.“

Það væri ekki úr vegi að ljúka þessum pistli með orðum Richard Gardner sjálfs: „Trúa mín er sú, að í langflestum tilvikum, þegar fram eru settar ásakningar um kynmisnotkun barna, hafi þær við rök að styðjast. Það er við margvíslegar aðstæður, að ásakningar um kynofbeldi koma fram - eins og gegn barnapíum, prestum, skátaforingjum, kennurum, ókunnugum, og ... í forsjárdeilum. Mismunandi sannleikslíkindi gilda fyrir sérhverjar aðstæður. Það er í forsjárdeilum, hygg ég, að yfirgnæfandi fjöldi ásakanna sé ekki á rökum reistur. Í vísindaritum má finna stuðning við þessa hyggju. Þetta er einn vettvangur margra og þó að falskar ákærur í forsjárdeilum séu algengar, nema þær einungis litlu broti, þegar þær eru skoðaðar undir einum hatti. Þegar öll kurl koma til grafar, er trúá mín [sem sé] sú, að langflestar ásakningar um kynmisnotkun á börnum séu sannar.“

<https://www.theguardian.com/commentisfree/2021/jul/21/abused-uk-children-family-courts-parental-alienation>